# FRISBÍGOLFVÖLLUR BREIÐHOLTI




## Frisbígolf leikreglur

Folf er spilað líkt og hefðbundið golf nema með frisbídiskum. Köstin eru talin sem tekur að koma disknum í rétta körrfu og takmarkið að kasta allar brautir í sem fæstum tilraunum. Eftir fyrsta kast er það næsta tekið þar sem diskurinn liggur og þarf sá fótur sem er nær körfu að vera þar sem diskurinn lá. Skipta má um diska á milli kasta. Sá spilari sem lengst er frá körfu tekur fyrsta kast. Ef diskurinn lendir í vatni þá er það víti og diskurinn settur á bakkann þar sem hann flaug síðast yfir. Bætist þá eitt aukakast við á skorkort.

Tillitsemi er stór hluti af leiknum. Sanngjarnt er að mótspilari þinn fái að kasta án truflunar, það sama myndir þú vilja. Ekki taka kast fyrr en þú er viss um að flug disksins og lending trufli ekki hina spilarana eða fólk sem er á svæðinu hvort sem það er gangandi, hjólandi eða í öðrum erindum.

Við hvetjum byrjendur til að nota rauðu teigana á meðan þeir eru að ná tökum á köstunum. Það sparar einnig mikinn tíma í leit að diski að láta einn af spilurum standa á líklegum lendingarstað diskanna þegar hinir kasta.

Góða skemmtun.

Göngum vel um, skiljum ekki eftir rusl og sýnum tillitsemi.

Skannaðu inn QR merkið til að fara á vef okkar www.folf.is til að fá nánari upplýsingar um frisbígolf s.s. vallarkort, skorkort og aðra velli.

ÍSLENSKA FRISBÍGOLFSAMBANDIÐ
www.folf.is